

Nefndasvið Alþingis

Velferðarnefnd

Austurstræti 8-10

101 Reykjavík

[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Reykjavík 6. nóvember 2023

## **Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um félagafrelsi á vinnumarkaði á 154. löggjafarþingi 2023-2024, 313. mál.**

VR stéttarfélag hefur fengið til umsagnar ofangreint frumvarp sem er nú endurflutt frá síðasta þingi. VR veitti málinu þá neðangreinda umsögn sem er óbreytt. Frumvarpið er illa rökstutt og byggt á þeim misskilningi að félagafrelsi ríki ekki á Íslandi. VR telur að frumvarpið myndi hafa verulega neikvæð áhrif á stöðu stéttarféлага og launafólks. VR leggst því eindregið gegn frumvarpinu.

### **I. Forsendur frumvarpsins**

Hér er um að ræða þingmannafrumvarp sem byggir á þeirri megin forsendu að hér ríki ekki félagafrelsi á almennum vinnumarkaði. Þessi forsenda frumvarpsins er röng og tilgangur frumvarpsins því hálfgerð markleysa.

Félagafrelsi er tryggt í stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 en í 2. mgr. 74 gr. segir að engan megi skylda til aðildar að félagi. Kjósi launafólk að standa utan stéttarfélags er því það heimilt. Í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 er beinlínis gert ráð fyrir að launafólk geti staðið utan stéttarféлага. Kemur þetta meðal annars fram í 2. mgr. 3. gr. laganna þar sem fjallað er um úrsögn úr stéttarfélagi og í 45. gr. þar sem segir að ófélagsbundnir aðilar reki mál sín sjálfir fyrir Félagsdómi.

Vangaveltur um að ekki ríki hér félagafrelsi standast enga skoðun enda ákvæði stjórnarskrárinnar skýrt. Benda má á að þó aðild að stéttarfélögum sé mikil er mjög stór hópur launafólks utan stéttarféлага, því miður sumt að kröfu atvinnurekenda.

### **II. Um tilurð aðildar að félagi**

Í frumvarpinu er dregin upp sú mynd að á vinnumarkaði sé launafólk þvingað gegn vilja sínum til aðildar að félagi og því eigi að lögfesta að óheimilt sé að skrá einstakling til aðildar nema með ótvíræðu samþykki viðkomandi. Líklegast er hér verið að vísa til þess að atvinnurekendum er skylt að halda eftir iðgjaldi launafólks í stéttarfélag sbr. 6. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980. Þar segir í 2. mgr. „Atvinnurekanda er skylt að halda eftir af launum starfsmanns iðgjaldi hans til viðkomandi stéttarfélags samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar greina.“ Þetta gjald er almennt nefnt vinnuréttargjald/samningsréttargjald og er greitt til þess stéttarfélags sem skv. 1. gr.



sömu laga tryggir einstaklingi kjarasamningsbundinn lágmarksrétt. Gjaldið fer til reksturs kjarasamningsins.

Hið rétta er að enginn er þvingaður til aðildar að félagi og er það beinlínis í andstöðu við 12. gr. laga ASÍ. Þar segir í 2. mgr. „Í samþykktum aðildarfélaga mega ekki vera ákvæði um félagsskyldu né ákvæði sem takmarka aðild að félögum með tilliti til búsetu og lögheimilisfesti.“

Í grein 1.11.1 í kjarasamningi VR segir að ráðningarsamningar á milli starfsfólks og atvinnurekenda skulu vera gerðir skriflega eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að starf hefst. Jafnframt er í öllum ráðningarformum, hvort sem notast er við tiltekin eyðublöð sem gefin eru út af ASÍ og SA eða annað form, gefinn kostur á að merkja við hvort viðkomandi starfskraftur vilji vera í stéttarfélagi eða ekki og þá í hvaða stéttarfélagi. Í kjarasamningi VR, grein 1.11.4, segir að koma skuli fram í ráðningarsamningi tilvísun til kjarasamnings og stéttarfélags. Réttarstaða viðkomandi miðast við þann kjarasamning sem gerður hefur verið um störf hans. Það er því beinlínis rangt eins og frumvarpið ber með sér að launafólk eigi ekkert val í þessum efnum eða að vilji þess sé ekki skýr. Hins vegar kemur það oft fyrir að atvinnurekendur geri þá kröfu að starfsfólk sé ekki í stéttarfélagi og beinist sú krafa oft en ekki að starfsfólki af erlendu bergi brotnu.

Frumvarpinu er ekki ætlað að ná til Lögmannafélags Íslands en samkvæmt lögum er skylduaðild að því félagi. Rökin á bak við þá skylduaðild er að Lögmannafélaginu er ætlað að hafa eftirlit með störfum lögmanna og með skylduaðild er tryggt að félagsfólk sé sett undir sama hatt og greiði fyrir eftirlitið.

Í lögum nr. 55/1980 segir í 1.gr. að kjarasamningar séu lágmarkskjör í viðkomandi starfgrein. Með samningum stéttarfélaganna er öllu launafólki tryggt ákveðin lágmarkskjör og óheimilt er að semja um lægri kjör en þar greinir. Þegar þetta ákvæði er borið saman við skylduaðild að Lögmannafélaginu þá er enginn munur þar á. Hins vegar telja þingmennirnir eðlilegt að hluti launafólks greiði fyrir gerð kjarasamninga en allir njóti. Af hverju ætti það sama ekki að gilda um Lögmannafélagið þar sem fólk gæti ráðið því hvort það tæki þátt í kostnaðinum en nyti ávinnings af starfi félagsins óháð því?

Flutningsmenn hafa lagt á það áherslu að lög um kjarasamningsbundin lágmarkskjör séu tryggð og ekki verði hróflað við því en segja síðan í sama orði að eðlilegt sé að sum eigi að greiða fyrir þjónustuna en öll að njóta.

Þó VR hafi ekki krafist vinnuréttargjalds/samningsréttargjalds af launafólki sem starfar á samningssviði félagsins og njóta kjara sem félagið semur um, (er þá hér vísað í iðgjald það sem atvinnurekanda er skylt að halda eftir sbr. 6. gr. laga nr. 55/1980 í 2. mgr.) verður að teljast eðlilegt að hægt sé að gera kröfu um iðgjald úr hendi þeirra vegna gerð kjarasamninga og væri nær að tryggja slíkt endurgjald í lögum.

### III. Um forgangsrétt í samningum

Í kjarasamningum er kveðið á um gagnkvæman forgangsrétt til starfa á milli samtaka atvinnurekenda og launafólks. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að samtökum atvinnurekenda og launafólks sé óheimilt að semja um forgangsrétt til starfa. Í greinargerð með frumvarpinu er forgagnsréttarákvæðið túlkað svo að í því felist ígildi aðildarskyldu.

Forgagnsréttarákvæðið er gagnkvæmur samningur og því óeðlilegt að löggjafarvaldið sé að hafa afskipti af frjálsum samningum milli aðila. Forgagnsréttarákvæðið á að veita félagsfólki stéttarfélagu forgang til starfa en í því felst ekki að bannað sé að ráða fólk sem vill standa utan stéttarfélagu. Ákvæðið veitir báðum aðilum ákveðna tryggingu við ákveðnar aðstæður á vinnumarkaði og er því algjörlega hafnað að í því felist einhver mismunun á vinnumarkaði. Í dómi Félagsdóms sem varðaði mál félaga í Sleipni stéttarfélagi reyndi á ákvæðið en þar var viðurkennt að félagar í Sleipni, sem var með kjarasamning um bílstjórastörf á hópþífreidum, voru taldir eiga forgang til starfa gagnvart félögum VR en enginn samningur var á milli VR og SA um bílstjóra á hópþífreidum. Ekki verður séð að sú niðurstaða hafi verið ósanngjörn enda fóru kjör starfsfólks eftir kjarasamningi Sleipnis eða Eflingar.

Í frumvarpinu er forgagnsréttarákvæði skv. kjarasamningi lagt að jöfnu við skylduaðild að stéttarfélagi. Þessi ályktun á ekki við nein rök að styðjast enda felst ekki í forgagnsréttarákvæðinu nein skylduaðild. Mjög mörg fyrirtæki eru ekki í atvinnurekendasamtökum og eru því ekki bundin af forgagnsréttarákvæðinu.

### IV. Um breytingar á öðrum lögum

#### Um breytingu á lögum nr. 55/1980 er varða sjúkrasjóð og félagsgjöld.

Lagt er til í frumvarpinu að lögfesta rétt starfsfólks að sjúkrasjóði stéttarfélags sem viðkomandi er ekki aðili að. Verður það að teljast mjög óeðlilegt að hægt sé að tryggja aðkomu einstaklings að sjúkrasjóði stéttarfélags sem hann vill ekki vera félagi í. Ljóst er að hér er frekar um þvingun að ræða í frumvarpinu en frelsi.

#### Lög um stéttarfélög og vinnudeilur nr 80/1938, 14. gr.

Lagt er til að við greinina bætist ákvæði er segir að ákvörðun um vinnustöðvun bindi einungis félaga þess stéttarfélags. Þessi grein er í raun aðför að verkfallsrétti launafólks og sett fram til þess eins að draga úr áhrifum verkfalls.

Eins og áður hefur komið fram gilda kjarasamningar sem lágmarkskjör í viðkomandi starfsgrein. Kjarasamningurinn tekur því til allra starfa sem undir samningssviðið falla. Kjarabaráttu sem knýja þarf fram með verkfalli hefur því áhrif á verðmæti starfa óháð félagsaðild. Það er mjög óeðlilegt þegar verið er að sækja kjarabætur vegna tiltekinna starfa að þau sem inna þau störf af hendi, hvort sem þau eru í stéttarfélögum eða ekki, þurfi ekki að leggja sitt af mörkum í þeirri baráttu. Slíkt myndi lögfesta að þau sem standa utan stéttarfélagu geti dregið úr lögmæti verkfalls en samt notið þess sem kjarabaráttan skilar. Dómstólar hafa í mörgum dómum talið að verkfall nái til starfa í heild sinni en ekki einstakra aðila. Lagasetningu sem breytir þessu grundvallargildi verkfallsheimildarinnar er harðlega mótmælt. Slík lagasetning myndi leiða til þess að verkfallsvopnið yrði veikara og hefði í för með sér mikla mismunun á samt því að ákveðinn hópur fólks njóti verðmætari starfa vegna baráttu stéttarfélags þrátt fyrir að hafa ekkert lagt til.



Frumvarpið fæli jafnframt í sér að beiting vinnustöðvunar yrði beittara vopn en verkfallsréttur. Af þeim sökum er ekki hægt annað en að líta á frumvarpið sem aðför að réttindum stéttarféлага og launafólks í landinu.

### **Lög um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum ofl. nr. 19/1979.**

Hér er fjallað um sama atriði og í kaflanum um forgangsrétt að samningum. Tekið skal fram að öll sem rétt eiga á að greiða til sjúkrasjóðs tiltekins stéttarfélags eiga rétt á greiðslu úr sjóðnum í samræmi við reglur hans. Fullyrðingar sem fram hafa komið í umræðu um frumvarpið að greiðslur séu móttæknar af sjúkrasjóðum en útgreiðslu hafnað eru rangar. Hins vegar kemur oft fyrir að atvinnurekendur vilja greiða aftur í tímann fyrir það starfsfólk sem ekki er í stéttarfélaginu. Að öðru leiti er vísað til afstöðu til þessarar greinar að framan.

### **Niðurlag**

Það er mat VR að frumvarp þetta byggi á þeim misskilningi að ekki ríki félagafrelsi hér á landi þrátt fyrir skýrt ákvæði í stjórnarskrá að engan megi skylda til aðildar að félagi. Frumvarpið er því markleysa þegar af þeirri ástæðu. Sá rökstuðningur að forgangaréttarákvæði kjarasamninga sé ígildi aðildarskyldu er vægast sagt langsóttur og stenst ekki. Það er mat VR að frumvarpið feli ekki í sér neina réttarbót fyrir launafólk fyrir utan að atvinnurekendum sé skylt að tryggja launafólk sem ekki er greitt fyrir í sjúkrasjóð. Augljóst er að megintilgangur frumvarpsins er að reyna að veikja stöðu stéttarféлага, bæði með afnámi gagnkvæms forgangsréttar og breytingu á útfærslu verkfalla til hins verra.

VR leggst eindregið gegn frumvarpinu.



Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR